



Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/761  
komudagur 19.1.2009

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. janúar 2009

0812708SA /GB  
Tilv.: 211

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fráveitur, 187. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 11. desember 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Beðist er velvirðingar á því að umsögnin var ekki send fyrir lok umsagnarfrests.

#### 1. Afstaða sambandsins til frumvarpsins

Löngu er tímabært að sett verði heildarlög um fráveitur. Stjórn sambandsins átti frumkvæði að gerð frumvarpsins og tók fulltrúi þess þátt í gerð frumvarpsins. Við gerð frumvarpsins var m.a. höfð hliðsjón af lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, m.a. um gjaldtöku, heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags o.m.fl. Hefur reynslan af framkvæmd þeirra laga almennt verið góð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði fyrirkomulag fráveitumála í tengslum við gerð skipulagsáætla. Í þéttbýli beri sveitarfélögum jafnframt skylda til að starfrækja fráveitu og er engum heimilt að tengjast fráveitu nema samþykki stjórnar fráveitu liggja fyrir. Jafnframt skal sveitarstjórn sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki þar sem þess gerist þörf utan þéttbýlisstaða, þ.e. þar sem byggð eða atvinnustarfsemi er yfir viðmiðum skv. frumvarpinu. Skal sveitarfélag hafa forgangsrétt til að starfrækja fráveitu utan þéttbýlisstaða en sveitarstjórn getur þó ákveðið að slík starfsemi skuli vera á ábyrgð landeigenda, t.d. í frístundabyggðum.

Að álit sambandsins er framangreint fyrirkomulag til þess fallið að tryggja hagkvæma uppbyggingu og starfrækslu fráveitna og auka umhverfisgæði og er sambandið sammála efni frumvarpsins. Í frumvarpinu eru skyldur sveitarfélaga auknar að því leyti að í 2. mgr. 4. gr. er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að koma á fót og starfrækja fráveitu í þéttbýli. Í framkvæmd hefur þó verið litið svo á að uppbygging og rekstur fráveitna í þéttbýli sé óhjákvæmilega verkefni sveitarfélaga.

#### 2. Um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum

Eins og Alþingi er kunnugt féll stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir, sbr. lög nr. 53/1995, niður frá 31. desember sl. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur barist fyrir því að gildistími laganna yrði framlengdur enda er fráveituframkvæmdum sveitarfélaga víða enn ólokið. Sá mikli galli var þó á



framkvæmd laganna að árlegur stuðningur ríkisins hélst óbreyttur að krónutölu frá árinu 1995 út gildistíma laganna, þ.e. 200 m.kr. á ári. Hlutfallslegur stuðningur við einstakar framkvæmdir var við lok gildistíma laganna kominn langt niður fyrir það sem miðað var við í upphafi en þá var gert ráð fyrir að stuðningur miðaðist almennt við að sveitarfélög fengju virðisaukaskatt endurgreiddan vegna fráveituf framkvæmda. Það voru mikil vonbrigði fyrir sveitarfélögin að ekki var veitt auknu fjármagni til þessa verkefnis á fjárákalogum fyrir árið 2008 í samræmi við tillögur umhverfisráðuneytis.

Að áliti sambandsins væri eðlilegt að áframhaldandi stuðningur við fráveituf framkvæmdir sveitarfélaga yrði tryggður með því að gera breytingu á lögum um virðisaukaskatt á þann hátt að tryggt verði að sveitarfélög fái ávallt endurgreiddan virðisaukaskatt vegna fráveituf framkvæmda. Hafa ber í huga að þessar framkvæmdir munu reynast mörgum sveitarfélögum ofviða nema til komi slíkur stuðningur. Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga nú um stundir er almenn lagabreyting heppilegri kostur en tímabundin framlenging laga nr. 53/1995.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að Alþingi beiti sér fyrir því að sem fyrst verði fundin leið til að aðstoða sveitarfélög við að ljúka nauðsynlegum fráveituf framkvæmdum.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs